

# AUGLÝSING

## um varnarlínur sauðfjárvarnarsvæða.

Að tillögu sauðfjársjúkdómanefndar og samkvæmt heimild í 45. gr., sbr. 6. gr. 1. nr. 23/1956, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, eru hér með settar svofelldar reglur um skiptingu varnarlína sauðfjárvarnarsvæða:

### 1. gr.

#### Aðalvarnarlínur.

Aðalvarnarlínur sauðfjárvarnarsvæða eru:

- |  |   |
|--|---|
| 1.1. Mýrdalssandslína:                                 | Úr Blautukvísl austan Hafurseyjar í Moldheiði.  |
| 1.2. Sólheimasandslína:                                | Vestan Jökulsár á Sólheimasandi í Sólheimajökul.  |
| 1.3. Markarfljót og Syðri-Emstruá.                     |   |
| 1.4. Þjórsá.   |   |
| 1.5. Sogslína:   | Ölfusá og Sog í Þingvallavatn.  |
| 1.6. Bláskógalína:                                     | Úr Þingvallavatni í Hvalfjarðarlínu.  |
| 1.7. Brúará — Hlíðarbæjarlína ásamt Fari í Árnassýslu. |   |
| 1.8. Hvalfjarðarlína:                                  | Úr Hvalfirði í Þórisjökul.  |
| 1.9. Hvítársíðulína:                                   | Úr Hvítá við Bjarnastaði í Kvíslavötn.  |
| 1.10. Snæfellsneslína:                                 | Úr Skógarnesi í Álftafjörð.   |
| 1.11. Hvammsfjarðarlína:                               | Úr Hvammsfirði við Kambsnes í Hrutafjörð.   |
| 1.12. Vatnsneslína:                                    | Úr Miðfjarðarvatni í Síðukrök við ósa Víðidalsár.   |
| 1.13. Gilsfjarðarlína:                                 | Úr Gilsfirði í Bitrufjörð.  |
| 1.14. Þorskafjarðar- og Steingrímsfjarðarlína:         | Úr Þorskafirði í Steingrímsfjörð.   |
| 1.15. Kollafjarðarlína:                                | Úr Kollafirði í Ísafjarðarbotn.   |
| 1.16. Raudasandslína:                                  | Úr Stálfjalli um Skarðabrunir í Ósafjörð.   |
| 1.17. Suðurfjarðalína:                                 | Úr Raudasandslínu á Kleifaheiði í Trostansfjörð.  |
| 1.18. Mjólkárلína:                                     | Úr sjó í Borgarfirði sunnan Mjólkár upp í hamra á Meðalnesi.  |
| 1.19. Tvídægurlína:                                    | Úr Hvammsfjarðarlínu við Skeggöxl um Kvíslavötn og Arnarvatn í Langjökul.   |
| 1.20. Miðfjarðarlína:                                  | Úr Miðfirði í Arnarvatn.  |
| 1.21. Kjalarلína:                                      | Milli Langjökuls og Hofsjökuls.   |
| 1.22. Jökulsá á Fjöllum.                               |   |
| 1.23. Jökulsá á Dal.                                   |   |
| 1.24. Hornafjarðarlína.                                |   |
| 1.25. Breiðamerkursandslína.                           |   |
| 1.26. Skeiðarársandslína.                              |   |
| 1.27. Eldhraunslína:                                   | Úr Skaftá austan Eldvatns í landgræðslugirðingu sunnan Þjóðvegjar í Kúðafljót, nálægt mörkum Leiðvallahrepps og Skaftártunguhrepps. |
| 1.28. Hólmsárlína:                                     | Hólmsá — Kúðafljót.   |
| 1.29. Kýlingalína:                                     | Úr Hábarmi og Kirkjufellsvatni í Tungnaá.   |

## 2. gr.

**Aukavarnarlínur.**

Aukavarnarlínur sauðfjárvarnarsvæða eru:

- 2.1. Ytri-Rangá.
- 2.2. Hvítá í Árnassýslu að Brúará.
- 2.3. Andakílslína: Úr Andakíl í Skorradalsvatn og Reyðarvatn í Hvalfjarðarlínu.
- 2.4. Hvítá í Borgarfirði frá Bjarnastöðum.
- 2.5. Dalalína nálægt suðurmörkum Dalasýslu.
- 2.6. Blanda.
- 2.7. Héraðsvörn — Jökulsá eystri.
- 2.8. Skjálfafljót.
- 2.9. Lagarfljót.
- 2.10. Gæsafjallalína á norðurmörkum Skútustaðahrepps.
- 2.11. Hamarsá í Hamarsfirði.

## 3. gr.

- 3.1. Auglýsing þessi öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytið, 2. apríl 1987.*

**Jón Helgason.**

*Jón Höskuldsson.*

**REGLUGERÐ****um sæðingar loðdýra.**

## 1. gr.

**Almenn ákvæði.**

- 1.1. Loðdýraræktarfélag eða einstaklingar sem hafa í hyggju að setja á stofn sæðingarstöð skulu senda um það umsókn til landbúnaðarráðuneytisins sem veitir heimild til starfrækslu hennar að fenginni umsögn yfirdýralæknis og Búnaðarfélags Íslands. Í leyfi ráðuneytisins skal kveðið á um starfssvæði sæðingarstöðvar.

## 2. gr.

- 2.1. Þeim einum sem aflað hafa sér þekkingar og þjálfunar á námskeiði í sæðingu loðdýra, sem viðurkennt er af stjórn Búnaðarfélags Íslands og yfirdýralækni, er heimilt að stunda sæðingar loðdýra og sæðistöku.
- 2.2. Samband íslenskra loðdýraræktenda skal standa fyrir námskeiðum í sæðingum loðdýra. Umsókn um þátttöku á námskeiðum skulu fylgja meðmæli frá stjórn loðdýraræktarfélags í viðkomandi héraði. Dýralæknir sá sem veitir námskeiðinu forstöðu skal veita þátttakendum skriflegt leyfisbréf, enda hafi þeir að hans dómi náð viðhlítandi árangri. Í leyfisbréfi skal tilgreint um hæfni viðkomandi, hvar hann hafi heimild til að starfa og hve lengi leyfi hans til sæðinga á loðdýrum gildi.